

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1982

24. apríl 1982.

21

Nr. 15.

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959,
sbr. lög nr. 90 31. desember 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn o. s. frv.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda til ársloka 1982.

3. gr.

Frá 1. janúar 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.